

Fundur 20.11.2023 Jafet Moahed, utan jarðar vitringur.

Góða kvöldið komið þið sæl.

*Góða kvöldið.*

Ætluðum við hér í kvöld að koma á sambandi við mann sem uppi var fyrir löngu síðan og varð vitni að komu geimvera niður jarðarinnar sem voru nokkurs konar Guðir austræna kynstofnsins og var hann uppi fyrir langa löngu og höfum við fengið samband við hann í sambandsstöðvum okkar og viljum gjarnan leyfa ykkur að heyra í honum, en það reyndist erfitt að þessu sinni.

Er það mjög merkileg saga hvernig gríðarlega margir undirflokkar manna þróuðust áður fyrr, sem dóu út og hvað þeir komu frá mörgum stöðum og hver var tilgangurinn með þeim.

Og segir þar frá mörgum Goðsögnum sem eiga sér uppruna og rætur í veruleikanum og það sem kallað var á þeirra máli, baráttu drekana á himnum, voru baráttu geimskipa og ljósrákirnar eftir þær og er það mjög fróðleg saga þegar hún er færð upp í nútíma vísindi og tekin alvarlega.

Og eru fjölmargir afkomendur þeirra sem hafa dáið út, en afkomendur fárra hópa hafa hins vegar fjölgað sér mikið og eiga þúsundir og miljónir afkomenda um alla jörð.

Og segja má að mikilvægar og merkilegar dyr opnast á skilningnum á mannkynssögunni, þegar hægt er að fræðast um þessar austrænu þjóðir og þeirra fortílu og þeirra fjölmörgu Guði og Gyðjur sem því miður hafa ekki varðveist frásagnir af, en munu ætla að hirða um afkvæmi sín og koma til baka í fyllingu tímans og eru þar margir góðum kostum búnir og er það einnig merkileg saga um Tokk Ariana og þeirra löngu viðkomu á jörðinni, sem reis og hneig í mörgum bylgjum, áður en þeir dóu endanlega út, en eiga þó nokkra afkomendur, sérstaklega í Síberíu og Mongólíu, Rússlandi, Úkraínu og fleiri landsvæðum og segja má að hafi dreifst um alla jörðina, meira og minna, það er svo langt síðan þetta var.

Einnig eru það margar ljótar frásagnir af því sem ekki rötuðu í annála eða varðveittust af því hvernig kynblendingum þeirra var útrýmt og lifðu ekki af til nútímans, er það allt í löngu grárri forneskju og margt merkilegt í þeirri sögu.

Er ég sjálfur af þessari ætt, nokkuð á ská og hef ég talað til ykkar áður og viljum við sérstaklega vara við nútíma tækninni og hvernig guð sá sem nefnir sig Jahve vill nota nútíma tæknina til að gera fólk sér ánetjað og notaðar eru nanó vélar og merki á líkamann og líffæri úr málmhlutum og það verður reynt að koma þeirri tækni á í framtíðinni.

Hef ég rætt um þetta við ykkur áður og gleður það mig að komast aftur í sambandið, er ég já af ættstofni þeim sem ég nefndi hér á undan, en afkomandi þessa kínversku Guða en var ég þó aldrei jarðarmaður, en lifum hér mjög svipuðu lífi að mörgu leiti, Jafet Moahed.

*Já vertu velkominn, já þú hefur komið.*

Já, þakka ykkur fyrir, veit ég ekki hvernig ég kem orðum að þessu betur þar sem orku þarf mikla til þess að fara út í vísindalegar útskýringar á þessu. En væri einnig mjög fróðlegt að segja frá daglegu lífi okkar hér á þessum hnetti og vonandi tekst það síðar.

Maður sá sem ég minntist á var uppi fyrir hundrað og tuttugu þúsund árum síðan á landsvæði því sem nálægt er Ástralíu en tilheyrir nú Asíu og á hlýskeyði jarðarinnar þar sem margir Guðir okkar austrænna manna komu fram og fjölguðu sínum afkomendum og var þá fyrir löngu komnar fram fleiri tegundir frummanna eins og afkvæmi Adams og Evu og forfeðra ykkar, Guðanna og fleiri.

Þætti okkur fróðlegt að koma inn á það hvernig hægt er bæta þessa sögu og koma aftur fram með hana og vísindamenn ykkar eru sífellt að koma fram með þekkingarbrot en það eru eins og þúsluspil og vantar mörg upp á.

Verð ég nú að kveðja ykkur að sinni og þakka ég ykkur kærlega fyrir og óska ykkur alls hins besta og höfum við lengi viljað vara ykkur við tækninni og ýmsum vélabrögðum nútímans, hjálpa ykkur.

Verð ég nú að kveðja verið þið sæl.

*Má ég spurja einnar spurningar, þessi geimskip sem talað er um, þau voru raunveruleg?*

Já, já, það er mikið mál og get ég ekki farið lengra út í það.

*Þetta er nóg.*

*Það er örlítill spurning frá mér, eru þessar nanóvélar, er verið að blanda þeim inn í fólkið í gegnum sprautuna?*

Já, já það er með nýja tækni, en það mun þó liggja eitthvað í dvala skilst mér en getur haft áhrif, já það er hluti af því, ég,

*Takk.*

Ég verð nú að kveðja takk fyrir og verið þið sæl.

*Vertu blessaður og þakka þér fyrir komuna.*

Já takk.